

Kæru foreldrar!

Nú þegar nýja skólaárið er að hefjast viljum við nota tækifærið og minna ykkur á foreldrafélagið í leikskólanum.

Í foreldrafélaginu veturinn 2011-2012 eru: Hafdís formaður, Vala ritari, Tanja gjaldkeri, Steinunn og Rós Mary meðstjórnendur og Ragga sem er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum fyrir börnin okkar, m.a. leiksýningu, við fáum skemmtilegar heimsóknir, það er foreldrakaffi einu sinni á ári og svo bjóðum við upp á pylsupartý í hinni árlegu sveitaferð leikskólans.

Ef þið hafið einhverjar hugmyndir hvað foreldrafélagið getur gert fyrir börnin eða ef það er eitthvað sem þið viljið koma á framfæri við okkur þá megið þið endilega hafa samband. Tölvupóstfang foreldrafélagsins er

foreldrafelag@korpukot.is

Hlökkum til að eiga skemmtilegan vetur með ykkur

Kveðja

Vala, Tanja, Hafdís, Ragga, Rós Mary og Steinunn

